



HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

D Ó M U R

22. september 2016

Mál nr. S-104/2016:
Ákærandi: Ríkissaksóknari
(*Elimar Hauksson fulltrúi lögreglustjóra*)

Ákærði: X
(*Leifur Runólfsson hdl.*)

Dómari: Sólveig Ingadóttir löglærður aðstoðarmaður dómara

D Ó M U R

Héraðsdóms Suðurlands fimmtudaginn 22. september 2016 í máli nr. S-104/2016:

Ákærvaldið

(Elimar Hauksson, fulltrúi lögreglustjóra)

gegn

X

(Leifur Runólfsson hdl.)

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið fimmtudaginn 1. september sl., er höfðað með ákæru Ríkissaksóknara þann 31. maí sl., á hendur X

„fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot framin utan dyra við veitingastaðinn Z, aðfaranótt fimmtudagsins 1. janúar 2015:

1. Líkamsárás með því að hafa skallað A, í andlitið með þeim afleiðingum að A hlaut bólgur í tannholdi og sprungna vör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Brot gegn valdstjórninni og eignarspjöll, með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða, í kjölfar þeirra atvika sem lýst er í 1. lið ákæru, unnið skemmdir á lögreglubifreiðinni (...), skráningarnúmer (...), með því að sparka í afturhlera bifreiðarinnar og í framhaldi þess veist með líkamlegu ofbeldi á lögreglumanninn B, með því að sparka vinstra megin í höfðuð B, sem og hóta B og lögreglumanninum C lífláti. Af háttsemi ákærða hlaut B stóra kúlu, 4sm x 3sm, vinstra megin á höfði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Ríkislögreglustjórinn, krefst skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 122.378,- auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2015, en dráttarvaxta skv. 9. gr., sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 30/2001 til greiðsludags.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins, ásamt Leifi Runólfssyni hdl., sem skipaður var verjandi ákærða að hans ósk. Ákærði viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Þá samþykkti ákærði framkomna bótakröfu.

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða og þar sem dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans væri sannleikanum samkvæm var farið með málið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, eftir að aðilum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Um málavexti vísast til ákæruskjals. Sannað er að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði fimm sinnum áður gerst brotlegur. Þann 2. október 2012 var ákærða gerð sekt fyrir ólögmeta meðferð fundins fjár. Þann 14. janúar 2013 sætti ákærði skilorðsbundinni frestun ákæru, vegna skjalafals. Þann 17. júlí 2014 voru ákærða gerðar sektir í tveimur málum vegna umferðar- og fíkniefnalagabrota. Loks var ákærða þann 10. ágúst 2015 gerð sekt vegna fíkniefnalagabrots. Brot það sem ákærði er nú sakfelldur fyrir er framið fyrir ákvörðun síðastgreindra viðurlaga og verður ákærða því nú dæmdur hegningarauki.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Að virtum atvikum máls og að teknu tilliti til skýlausrar játningar ákærða, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Með vísan til 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur samkvæmt yfirliti lögreglu samtals 40.000 kr. auk þóknunar skipaðs verjanda hans, sem er hæfilega ákveðin 120.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskatts og ferðakostnaðar verjanda sem nemur 13.920 kr.

Í ákæru er tilgreind einkaréttarkrafa Ríkislögreglustjórans um að ákærða verði gert að greiða skaðabætur að fjárhæð 122.378 krónur, auk vaxta og málskostnaðar. Sömu kröfu er að finna meðal gagna málsins, undir yfirskriftinni „Refsi- og bótakrafa

– Greinargerð“ og er skjalið undirritað af D og E f.h. „RLS“. Hvorki verður séð af gögnum málsins hvort umræddir aðilar eru fyrirvarsmenn stofnunarinnar í skilningi 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, né að þeir hafi réttindi til málflutnings fyrir dómi. Greinargerð bótakrefjanda uppfyllir að þessu leyti ekki ákvæði a. og b. liðar 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá er það mat dómsins að greinargerðin uppfylli ekki e. og f. liði sömu greinar. Að framansögðu virtu verður ekki hjá því komist að vísa einkaréttarkröfunni frá dómi.

Sólveig Ingadóttir, löglærður aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 173.920 krónur, þar af þóknun skipaðs verjanda, Leifs Runólfssonar hdl., sem nemur 120.000 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og ferðakostnað verjanda sem nemur 13.920 krónum.

Einkaréttarkröfu Ríkislögreglustjórans er vísað frá dómi.

Sólveig Ingadóttir.